

Nd.

469. Breytingartillaga

[2. mál]

við frv. til laga um Listskreytingasjóð ríkisins.

Frá minni hl. menntamálanefndar (HBl, ÓE).

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Ákvæði laga þessara taka til bygginga, sem í smíðum eru þegar lögin öðlast gildi og eigi hafa verið gerðar um bindandi ráðstafanir varðandi listskreytingar, nema sveitarstjórn ákveði að farið skuli eftir 27. gr. grunnskólalaga. Þá er heimilt að verja til listskreytingar fjárhæð, er nemur allt að 2% af áætluðum stofnkostnaði skólamannvirkis miðað við reglur byggingadeildar menntamálaráðuneytisins.

Lög þessi skulu tekin til endurskoðunar að fimm árum liðnum með hliðsjón af þeirri reynslu sem fengist hefur af því fyrirkomulagi, sem hér er gert ráð fyrir um listskreytingu opinberra bygginga.